

Nr. 23-044 S 024 Aðalbjörg RE 5

Skipaskr.nr. 1755
IMO
Útgerð: Aðalbjörg RE 5 ehf
Smíðaður: Seyðisfirði, 1987, stál.
Stærð: 68 BT.
Mesta lengd: 21,99 m Skráð lengd: 19,93 m
Breidd: 5,0 m Dýpt: 2,7 m
Vél: Caterpillar, 339,0 kW, 1996.
Fjöldi skipverja: 6



Gögn:
Gögn RNSA

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. júlí 2023 var Aðalbjörg á dragnótaveiðum út af Reykjanesi. Veður: N 10-12m/sek.

Verið var að kasta dragnótinni þegar skipverji flækti klofband björgunarvestis í snurvoðartóg og dróst með því upp í blökk þar sem klofbandið slitnaði á saumum. Skipverjinn slasaðist nokkuð.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Verið var að kasta fyrra tóginu en þá fóru skipverjar upp á bátapilfar til að láta veiðarfærið fara og klæddu sig þar í vinnubjörgunarvesti.
- Vinnubjörgunarvestin voru geymd, meðan verið var að veiðum, í kari sem var staðsett bak við björgunarhringinn og gátu skipverjar teygst sig í þau yfir rekkverkið. Sjá mynd 1 og forsíðumynd.
- Hinn slasaði klæddi sig í björgunarvestið nálægt tóginu þar sem það rann út stjórnborðs megin. Að hans sögn var það staðurinn sem menn klæddu sig vanalega í vestin.
- Að sögn skipsstjóra munu skipverjar hafa klætt sig í björgunarvestið ýmist bakborðsmegin eða beint fyrir aftan brúargluggann sem snýr aftur.
- Að sögn hins slasaða var hann að festa á sig björgunarvestið og var að beygja sig til að ná í klofólina þegar hann tókst skyndilega á loft og vissi ekki fyrir til en hann lá á bátapilfarinu fyrir neðan blökkina. Sjá mynd nr. 1
- Að sögn skipstjóra hafði hinn slasaði gleymt að festa klofólina á björgunarvestinu. Þeim ber ekki saman en engin vitni voru til frásagnar.
- Hinn slasaði hafði þá að öllum líkindum, að hans sögn, dregist með tóginu upp í blökk þar sem klofólin slitnaði og hann féll í þilfarið.

- Búið var að ítreka við áhöfn að festa vinnubjörgunarvesti rétt á sig.
- Að sögn hins slasaða er hann viss um að verr hefði farið ef klofólin hefði ekki slitnað en að hans sögn voru þeir nýbyrjaðir að nota björgunarvestin.
- Hinn slasaði var fluttur á Sjúkrahús Suðurnesja og var hann nokkuð slasaður m.a. slitin krossbönd í hné.



Snurvoðartógið sem klofól hins slasaða festist í. Hann dróst síðan með tóginu upp í blökkina sem sést á myndinni

Mynd 1



Björgunarvestin sem notuð voru við köstun voru geymd í fiskikarinu sem sést á myndinni og klæddu menn sig í vestin á þessu svæði að sögn hins slasaða en honum og skipstjóra ber ekki saman að þessu leyti.

Mynd 2



Mynd 3 Björgunarvesti



Mynd 4 Björgunarvesti

Nefndarálit:

Nefndin telur að óheppileg staðsetning björgunarvesta á þröngu svæði nálægt snurvoðartógi sem verið var að kasta hafi verið stór orsakafáttur slyssins.

Sérstök ábending:

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeim tilmælum til útgerðar (áhafnar) að finna björgunarvestunum heppilegan stað þar sem ekki geta skapast hættu við að setja þau á sig.

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. febrúar 2024 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma Jónssyni, Hirti Emilssyni og Jóni Finnbjörnssyni.